

Júlíana Hansdóttir Aspelund

Þegar ég var í menntaskóla vann ég mikið í umönnunarstörfum bæði á Reykjalundi og á sambýlum. Hins vegar átti ég erfitt með að ákveða hvað ég vildi verða. Þegar vinkona mín ákvað að fara í iðjuþjálfanám til Danmerkur spurði ég hana út í fagið og námið. Eitthvað hafa upplýsingarnar höfðað til mín því ég fór að velta þessu fagi meira og meira fyrir mér. Að lokum fór það svo að ég sótti um iðjuþjálfanám í Álaborg í Danmörku og fékk þar inngöngu. Ég útskrifaðist þaðan sem iðjuþjálfari árið 1999.

Strax að námi loknu hóf ég störf á Reykjalundi og vann þar í 8 ár sem var afar góður tími fyrir nýútskrifaðan iðjuþjálfara og gaf tækifæri til að vinna náið með mörgum öflugum iðjuþjálfum. Fyrstu árin starfaði ég á lungnasviði en síðar fór ég yfir á geðsviðið. Bein vinna með skjólstæðinga er ákaflega dýrmæt reynsla og gefur persónuleg tækifæri til aukins þroska. Á Reykjalundi er mikil þvefagleg teymisvinna sem er mikilvæg reynsla sem nýtist vel í öllu samstarfi.

Þegar Háskólinn á Akureyri ákvað að bjóða starfandi iðjuþjálfum upp á sérskipulagt B.S. nám á árunum 2003 – 2006, ákvað ég að slá til og tók það samhliða starfi mínu á Reykjalundi. Þó að það hafi verið mikið að gera þessi tvö ár, þá var alveg sérlega gaman og fræðandi að fá tækifæri til að setja námið í samhengi við starfið og öfugt. Fyrir nokkrum árum valdi ég að venda kvæði mínu í kross og hóf fullt nám í stjórnun og stefnumótun í Viðskiptadeild HÍ sem var skemmtilegur og lærdómsríkur tími. Það sem kom mér einna helst á óvart var hversu vel grunnnámið nýttist í þessu stjórnunarnámi. Árið 2008 hóf ég störf hjá Sjúkratryggingum Íslands og starfa þar í hjálpartækjamiðstöð. Þar hef ég fengið tækifæri til að nýta mér þá þekkingu og reynslu sem ég hef aflað mér í gegnum tíðina. Það er ákaflega góður vinnustaður og ég tel það afar gagnlegt fyrir iðjuþjálfara að starfa þar.

Ég hef í gegnum tíðina verið virk í félagsstörfum og setið í stjórnum ýmissa félaga. Ég starfaði innan kjaranefndar Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) í nokkur ár, auk þess sem ég var trúnaðarmaður iðjuþjálfara á Reykjalundi á meðan ég vann þar. Þar tók ég þátt í gerð stofnanasamninga, auk þess sem ég sat í samráðsnefnd. Frá því í apríl 2009 hef ég setið sem formaður ÍÞÍ. Ég held að framundan sé mjög spennandi og skemmtilegur tími og ég hlakka til að takast á við ný verkefni og áskoranir.

Hvers vegna iðjuþjálfun? Af því að fagið gefur ótal mörg tækifæri til að afla nýrrar reynslu, auka persónulegan þroska og til að starfa á mörgum ólíkum sviðum mannlífsins.

